

TÍMARIT LÖGFRÆÐINGA

VERKLAGS- OG RITRÝNIREGLUR

I. INNGANGUR

Hér á eftir fara verklags- og ritrýnireglur Tímarits lögfræðinga. Eru þær ritaðar til handa væntanlegum greinarhöfundum, ritrýnum og öðrum þeim sem áhugasamir eru um Tímarit lögfræðinga. Með reglunum er leitast við að hafa á einum stað allt það sem máli skiptir varðandi verklag og gæðakröfur Tímaritsins.

Eðli máls samkvæmt verða reglur sem þessar að vera í sífelldri endurskoðun. Allar athugasemdir, ábendingar eða tillögur eru vel þegnar og óskast sendar ritstjóra.

II. STJÓRNSKIPULAG TÍMARITS LÖGFRÆÐINGA OG FYRIRKOMULAG ÚTGÁFU
Tímarit lögfræðinga er gefið út fjórum sinnum á ári. Útgefandi er Lögfræðingafélag Íslands. Ritstjóri er Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Framkvæmdastjóri er Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður. Afgreiðslu annast Eyrún Ingadóttir, framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands, Álftamýri 9, 108 Reykjavík, sími 568 0887, netfang: logfr@logfr.is.

Ritstjóra til aðstoðar er sérstakt ráðgjafarráð sem nú er skipað 18 lögfræðingum - fræðimönnum, dómurum, lögmonnum og embættismönnum í stjórnslu - sem allir eru með helstu sérfræðingum landsins á sínu sviði innan lögfræðinnar. Meginverkefni ráðgjafarráðsins er að sjá um að fullnægt sé þeim fræðilegu gæðakröfum sem lagðar eru til grundvallar við útgáfu ritsins. Meðlimir ráðgjafarráðsins sjá um að ritrýna allar greinar sem berast ritstjóra með ósk um útgáfu sem *fræðilegar greinar* í samræmi við ritrýnireglur Tímarits lögfræðinga, sbr. nánar kafla V hér síðar.

Tímarit lögfræðinga er byggt upp með eftirfarandi hætti:

(1) *Ritstjórnargrein*: Í upphafi hvers heftis er að finna ritstjórnargrein um valið efni líðandi stundar. Ritstjórnargreinar eru allar ritaðar af ritstjóra Tímaritsins nema annað sé ákveðið.

(2) *Fræðilegar greinar*: Meginuppistaða efnis í Tímarit lögfræðinga eru fræðilegar greinar á sviði lögfræði sem eru taldar fullnægja þeim gæðakröfum sem lagðar eru til grundvallar við útgáfu ritsins. Greinar sem falla í þennan flokk eru ritrýndar og hafa verið merktar með táknuinu ® í lok greinar, en frá og með 2. hefti, 57. árg. 2007, verða merktar sérstaklega í fyrstu neðanmálsgrein með eftirfarandi hætti: *Grein*

Þessi hefur staðist þær fræðilegu kröfur sem gerðar eru samkvæmt verklags- og ritrýni-reglum Tímarits lögfræðinga.

(3) *Aðrar greinar:* Tímarit lögfræðinga er einnig vettvangur fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í fræðimennsku á sviði lögfræði eða vilja birta smærri verk um ýmis atriði á sviði lögfræði, s.s. nýlega löggjöf, úrlausnir úr réttarframkvæmd eða réttarpólitísk viðfangsefni.

(4) *Með og á móti:* Tímarit lögfræðinga hvetur til rökræðu á meðal lögfræðinga um áhugaverð álitæfni. Í því skyni leitast ritstjóri við að fá lögfræðinga til að fjalla um valin efni. Einkum er þá gerð tilraun til að fá þátttakendur til að setja fram röksemdir sem kunna ef til vill að leiða til ólíkra niðurstaðna. Stefnt er að því að dálkurinn *Með og á móti* birtist a.m.k. tvisvar á ári.

(5) *Á við og dreif:* Tímarit lögfræðinga er vettvangur fyrir almenna miðlun áhugaverðra upplýsinga fyrir lögfræðinga og aðra áhugamenn um lögfræði, s.s. um laganám og félagsstarfsemi lögfræðinga. Í því skyni eru reglulega birtar upplýsingar um aðalfundi fagfélaga lögfræðinga, um málþing og ráðstefnur, innanlands og utan, auk ýmissa upplýsinga sem berast frá lagaskólum.

III. VERKLAGSREGLUR FYRIR HÖFUNDA UM FRÁGANG HANDRITA

Handrit skulu berast til ritstjóra með rafrænum hætti á netfangið robert@hi.is. Sími ritstjóra er 525 4329, heimilisfang: Lögbergi v/Suðurgötu, 150 Reykjavík. Handrit skulu send á Word-skjali. Þess er óskað að greinarhöfundar leitist við eins og kostur er að fylgja eftirfarandi verklagsreglum við frágang handrita:

A) *Almenn atriði um leturgerðir og leturstærðir.*

1. Allur texti greina skal vera ritaður með letrinu *Palatino*.
2. Meginmál skal ritað með 11,5 punkta letri.
3. Inndreginn texti, sjá nánar lið C, skal ritaður með 10,5 punkta letri.
4. Neðanmálgreinar, sjá nánar lið D, skulu ritaðar með 10 punkta letri.

B) *Upphafssíða, heiti höfundar og greinar, efnisyfirlit.*

1. Efst á síðu skal vera stutt lýsing á starfsheiti höfundar. Hafi hann ekki áður ritað í Tímarit lögfræðinga, eða a.m.k. fimm ár eru liðin frá síðustu skrifum, skal einnig lýsa stuttlega starfsreynslu höfundar í tveimur til þremur setningum. Hér má hafa hliðsjón af heftum Tímaritsins á árunum 2003-2006.
2. Nafn höfundar skal rita efst á upphafssíðu með 11,5 punkta letri í lágstöfum og skal tvípunktur fylgja nafni (s.s. Jón Jónsson:).
3. Heiti greinar skal vera beint fyrir neðan höfundarnafn og skal ritað með hástöfum (s.s. LÖGMÆTISREGLAN) og vera í 10,5 punkta letri.
4. Beint fyrir neðan heiti greinar skal vera efnisyfirlit, en það orð skal rita með hástöfum, vera í 10,5 punkta letri og skal því fylgja tvípunktur, EFNISYFIRLIT:
5. Grunnfyrirsagnir í efnisyfirliti skulu ritaðar í hástöfum og ritaðar í 10,5 punkta letri. Nota skal arabíska stafi (1,2,3) en ekki rómverska (I,II,III). Þær skulu

- inndregnar með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Hanging 6.3 mm. Ekki skal fylgja punktur á eftir grunnfyrirsögnum.
6. Millifyrirsagnir skal rita með lágstöfum og vera í 11,5 punkta letri með forminu (1.1, 2.1 o.s.frv.). Þær skulu inndregnar með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Indentation, Left 6,3 mm (og) Hanging 6,3 mm. Ekki skal fylgja punktur á eftir millifyrirsögnum.
 7. Undirfyrirsagnir skal rita með lágstöfum og vera í 11,5 punkta letri með forminu a), b), c) o.s.frv). Þær skulu inndregnar með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Indentation, Left 6,3 mm (og) Hanging 6,3 mm. Ekki skal fylgja punktur á eftir millifyrirsögnum.
 8. Ekki skal miðja texta í efnisyfirliti.
- C) *Meginmál.*
1. Um form og leturgerð grunnfyrirsagna, millifyrirsagna og undirfyrirsagna í meginmáli gilda sömu reglur og fram koma í liðum 5-7 í lið B hér að framan. Ekkert línubil skal vera á milli grunnfyrirsagna og millifyrirsagna. Einfalt línubil skal vera á milli millifyrirsagna og undirfyrirsagna.
 2. Grunn-, milli- eða undirfyrirsagnir skulu ekki inndregnar.
 3. Grunnfyrirsagnir eru hvorki feitletraðar né skáletraðar. Milli- og undirfyrirsagnir eru skáletraðar.
 4. Fyrsta málsgrein undir fyrirsögn í meginmáli er ekki inndregin. Næsta málsgrein undir sömu fyrirsögn er inndregin með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Indentation Left, 6,3 mm.
 5. Inndreginn texti í meginmáli skal vera í 10,5 punkta letri. Draga skal inn með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Indentation Left, 8,5 mm.
 6. Allar tilvísanir til hæstaréttardóma, hvort sem er í meginmáli eða í neðanmálsgreinum, skulu vera skáletraðar. Vísa skal til hæstaréttardóma, hvort sem er í meginmáli eða neðanmálsgreinum, með eftirfarandi hætti: (1) Þegar dómur hefur verið birtur í dómasafni Hæstaréttar: *Hrd. 1999, bls. 2015*. (2) Þegar dómur hefur verið birtur í dómasafni Hæstaréttar, en er auk þess birtur á heimasíðu Hæstaréttar, www.haestirettur.is, skal vísa með eftirfarandi hætti til dóms: *Hrd. 1999, bls. 2015 (mál nr. 124/1998)*. (3) Hafi dómur ekki verið birtur í dómasafni Hæstaréttar, en er að finna á heimasíðu Hæstaréttar, skal vísa til dóms með eftirfarandi hætti: *Dómur Hæstaréttar frá 1. júní 2005 í máli nr. 144/2004*.
 7. Allar tilvísanir til héraðsdóma skulu vera skáletraðar. Vísa skal til héraðsdóma með eftirfarandi hætti: *Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. júní 2005 í máli nr. E-2566/2004*.
 8. Allar tilvísanir til álita umboðsmanns Alþingis skulu vera skáletraðar. (1) Ef álit umboðsmanns Alþingis er birt í heild sinni í skýrslu umboðsmanns, og jafnframt birt á heimasíðu embættisins, www.umbodsmaduralthingis.is, skal vísa með eftirfarandi hætti til þess í meginmáli og neðanmálsgreinum: *álit*

umboðsmanns Alþingis (eða skammstafað UA) frá 1. júlí 2008 í máli nr. 444/2007 (SUA 2008, bls. 332). (2) Hafi álit ekki verið birt í heild sinni skal vísa með eftirfarandi hætti til þess: álit umboðsmanns Alþingis (eða skammstafað UA) frá 1. júlí 2008 í máli nr. 444/2007.

9. Tilvísanir til dóma og ákvarðana Mannréttindadómstóls Evrópu skulu vera skáletraðar. Í meginmáli gæti tilvísunin til dóma verið svona: *Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu (eða skammstafað MDE) í máli Göktan gegn Frakklandi frá 2. júlí 2002 kemur fram [...]. Að lokinni þeirri setningu þar sem fyrsta tilvísun til dómsins kemur fram skal hafa tilvísun til neðanmálgreinar. Þar skal vísað í heild sinni til sama dóms með eftirfarandi hætti: Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Göktan gegn Frakklandi frá 2. júlí 2002, mál nr. 33402/96, Reports of Judgments and Decisions 2002-V. (2) Til ákvarðana Mannréttindadómstóls Evrópu um meðferðarhæfi kæru er að sama skapi hægt að vísa með eftirfarandi hætti í meginmáli: Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu (eða skammstafað MDE) í máli Ponsetti og Chesnel gegn Frakklandi frá 14. september 1999 kemur fram [...]. Að lokinni þeirri setningu sem fyrsta tilvísun til dómsins kemur fram skal hafa tilvísun til neðanmálgreinar. Þar skal vísað í heild sinni til sömu ákvörðunar með eftirfarandi hætti: Ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu um meðferðarhæfi kæru, Ponsetti og Chesnel gegn Frakklandi frá 14. september 1999, mál nr. 36855/97 og 41731/98, Reports of Judgments and Decisions 1999-VI, 5. mgr.*
10. Til dóma og ráðgefandi álita EFTA-dómstólsins (og úrlausna dómstóls EB) skal vísað með samsvarandi hætti og lýst er í lið 10 að breyttu breytanda.

D) Tilvísanir til bóka, tímaritsgreina og annarra heimilda í neðanmálgreinum.

1. Til bóka skal vísað með eftirfarandi hætti í fyrsta skipti:
Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*. Reykjavík 1999, bls. 3-5.
Næstu tilvísanir skulu vera með eftirfarandi hætti:
Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 3-5.
2. Til tímaritsgreina skal vísað með eftirfarandi hætti í fyrsta skipti:
Páll Hreinsson: „Gatnagerðargjöld“. *Tímarit lögfræðinga* 2003, bls. 5-10.
Næstu tilvísanir skulu vera með eftirfarandi hætti:
Páll Hreinsson: „Gatnagerðargjöld“, bls. 5-10.
3. Ef um grein eða kafla í safnríti er að ræða skal vísa til hans með eftirfarandi hætti í fyrsta skipti:
Björg Thorarensen: „Stjórnskipunaréttur“. Í ritinu *Um lög og rétt – helstu greinar íslenskrar lögfræði*, Reykjavík 2006, bls. 6-19.
Næstu tilvísanir skulu vera með eftirfarandi hætti:
Björg Thorarensen: „Stjórnskipunaréttur“, bls. 6-19.
4. Vísa skal með sama hætti og greinir í liðum 1-3 í þessum kafla til bóka, tímaritsgreina og greina eða kafla erlendra höfunda í safnrítum. Heiti erlends höfundar skal vera með þeim hætti að fyrst sé ritað eiginnafrn og síðan

ættarnafn, sbr. John Finnis, Ronald Dworkin, Bernard Gomard o.s.frv. Ekki skal rita ættarnafn fyrst og síðan kenninafn.

5. Til Alþingistíðinda, sem prentuð hafa verið samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, skal vísa með eftirfarandi hætti: Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 3450. Hafi alþingistíðindi ekki verið prentuð skal vísa til þeirra með eftirfarandi hætti: Alþt. 2005-2006, A-deild, þskj. 735 - 503. mál.
6. Til opinberra skýrslna, greinargerða, innlendra sem erlendra, o.s.frv. skal vísað í fyrstu með eftirfarandi hætti:
Skýrsla um starfsskilyrði stjórnvalda. Forsætisráðuneytið, Reykjavík 1999, bls. 5-10.
Næstu tilvísanir skulu vera með eftirfarandi hætti:
Skýrsla um starfsskilyrði stjórnvalda, bls. 5-10.
7. Til vefsíðna skal vísað í neðanmálgreinum sem þar á við. Að jafnaði skal stefnt að því að slóð vefsíðu verði ekki lengri en 25-30 tákn (í heild sinni), s.s. www.amnesty.org/ICC/Court. Ef um fleiri tákn er að ræða skal leitast við að stytta vefslóð, þó þannig að inn á þá slóð sem tilgreind er sé að finna nægjanlega tengla inn á þá slóð sem heimild vísar endanlega til.
Ekki er heimilt að vísa til vefslóðarinnar Wikipedia í Tímariti lögfræðinga.

E) *Heimildaskrár.*

1. Öllum fræðilegum greinum skal fylgja heimildaskrá. Ekki er áskilið að slík skrá fylgi öðrum greinum nema fjöldi og mismunandi tegundir heimilda eru það margar að slíkt teljist nauðsynlegt að mati ritstjóra.
2. Nota skal fyrirsögnina: HEIMILDASKRÁ, sem rituð með hástöfum í 10,5 punkta letri og skal henni fylgja tvípunktur.
3. Bil skal vera á milli fyrirsagnar og fyrstu heimildartilvísunar.
4. Listi heimilda skal setja upp með eftirfarandi hætti: Format, Paragraph, Hanging 6,3 mm.
5. Listi heimilda skal allur vera í 10 punkta letri.
6. Í heimildaskrá skal ekki vísa í blaðsíðutal bóka, nema um sé að ræða grein eða kafla í safnríti. Ávallt skal vísa í blaðsíðutal tímaritsgreina.
7. Ef listi yfir úrlausnir úr réttarframkvæmd, innlendri eða erlendri, s.s. dóma, fylgir heimildaskrá skal útbúa undirfyrirsögn sem er skáletruð, s.s. *Hæstaréttar-dómar*.

IV. VINNULAG EFTIR MÓTTÖKU GREINA, PRÓFARKALESTUR O.FL.

Þegar handrit hefur borist ritstjóra með rafrænum hætti er kannað hvort frágangur þess sé í samræmi við verklagsreglur. Telji ritstjóri að verulega skorti á að svo sé endursendir hann að jafnaði handrit til greinarhöfundar með ósk um úrbætur. Þegar óskað er eftir því að grein verði birt sem *fræðileg greinn* ákveður ritstjóri hver eða hverjir í ráðgjafarráði ritrýni greinina í samræmi við ritrýnireglur, sjá kafla V hér síðar. Greinarhöfundur fær ekki að vita hver eða hverjir ritrýna greinina.

Ef grein stenst ritrýni, og ritstjóri ákveður í samræmi við niðurstöður ritrýnis að birta hana sem fræðilega grein, er endanlega gengið frá uppsetningu handrits í samræmi við verklagsreglur. Að því loknu er hún endanlega prófarkalesin. Ef prófarkalesari telur nauðsynlegt að leggja til verulegar lagfæringar á orðalagi textans, sem að hafa að mati ritstjóra áhrif á efni greinar, eru tillögur prófarkalesara bornar undir greinarhöfund til samþykktar eða synjunar. Ritstjóri gerir orðalagsbreytingar sem teljast minniháttar eða smávægilegar. Að svo búnu er handritið ásamt öðrum greinum og efni í viðkomandi hefti Tímaritsins sent samtímis í umbrotsferli í prentsmiðju og frágang til útgáfu. Umbrots- og prentferli tekur að jafnaði 3-4 vikur þar til hefti Tímaritsins er sent til prentunar. Að jafnaði berst útgefið hefti til áskrifenda u.þ.b. viku eftir að ritstjóri hefur samþykkt handritið til prentunar.

V. RITRÝNIREGLUR

Engin grein er birt undir heitinu *fræðileg grein* nema hún hafi staðist eftirfarandi kröfur um ritrýni:

A) Markmið ritrýni og hlutverk ráðgjafarráðs.

Ritrýninni er ætlað að tryggja fræðilegar kröfur, en hún er einnig öðrum þæði þjónusta við greinarhöfunda og nauðsynlegur þáttur í því ferli að rita góða fræðigrein. Hver grein er metin af einum eða tveimur ritrýnum sem ritstjóri velur úr hópi þeirra sérfræðinga sem sitja hverju sinni í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga. Nafnleynd ritrýna gagnvart greinarhöfundi er tryggð af ritstjóra.

B) Forsendur ritrýni og verklag.

Pegar grein er metin af ritrýni er hugað að (1) frumleika hennar og framlagi til þekkingar á sviði lögfræði samkvæmt kröfum um inntak og gæði akademískra rannsókna á háskólastigi. Áhersla er lögð á (2) nákvæmni, skýrleika fræðilegrar umfjöllunar og samræmi hennar við viðurkenndar aðferðir á sviði lögfræðilegra rannsókna. (3) Sérstaklega er lagt mat á hvort greinin hafi í heild sinni vísindalegt gildi, þ.e. hvort stefnt sé að því með viðurkenndum aðferðum að skapa nýja þekkingu á viðkomandi sviði innan lögfræðinnar.

Ritrýnir, einn eða tveir, er valinn af ritstjóra vegna sérþekkingar sinnar á því sviði sem greinin fjallar um. Honum er fyrst og fremst ætlað að fara yfir fræðilegt innihald greinar í samræmi við ofangreindar kröfur. Ritrýnir skilar athugasemdum sínum til ritstjóra, þar sem annars vegar er gerð grein fyrir hvort greinin telst hæf til birtingar og hins vegar settar fram hugmyndir og tillögur um mögulegar úrbætur, t.d. athugun á fræðiskrifum eða úrlausnum úr réttarframkvæmd sem greinarhöfundur hefur ekki tekið afstöðu til. Ritrýni á að vera nægilega nákvæm og skýr til þess að greinarhöfundur fái fullan skilning á gagnrýni, hugmyndum og tillögum ritrýnis. Athugasemdirnar eiga að vera eins uppbyggilegar og unnt er, jafnvel þó endanlegur dómur ritrýnis sé neikvæður. Einnig er hvatt til þess að ritrýnir komi með tillögur um úrbætur og breytingar, jafnvel þó þeir telji greinina hæfa til

birtingar. Ágætt er að ritrýnir dragi meginniðurstöður sínar saman í upphafi en komi síðan með nákvæmari útlistanir og athugasemdir. Ritrýnir er í þessu sambandi sérstaklega hvattur til þess að leggja til styttingar ef það er unnt án þess að fræðilegt innihald rýrni.

Ritrýnir skal gera tillögu til ritstjóra um hver þriggja eftirfarandi leiða er valin:

- A) Greinin sé samþykkt til birtingar, ef til vill með minniháttar breytingum.
- B) Greinin verði hugsanlega samþykkt eftir að höfundur hefur gert á henni (jafnvel töluverðar) breytingar.
- C) Grein hafnað alfarið til birtingar sem *fræðileg grein*.

Ef ritstjóri hefur ákveðið að tveir meðlimir ráðgjafarráðs annist ritrýni, og þeir eru ósamhljóða í mati sínu, þá ákveður ritstjóri hvaða afgreiðslu viðkomandi grein fær. Ef grein fær dóm A hjá ritrýni, og er því samþykkt, ef til vill með minniháttar breytingum, mun ritstjóri að jafnaði hafa umsjón með því að greinin verði búin til birtingar í samvinnu við höfund og hlutverki ritrýnis er lokið. Ef ritrýnir veitir hins vegar dóm B, og greinin getur aðeins komið til birtingar eftir umtalsverðar lagfæringar, þá tekur ritstjóri ákvörðun um hvort hún sé send aftur til ritrýnis eftir að höfundur hefur brugðist við athugasemdum. Ef ritrýnir veitir dóm C er greininni án undantekninga hafnað til birtingar sem *fræðileg grein*. Þá mun höfundur fá athugasemdir í hendur og ritrýnir mun ekki huga frekar að henni. Ritstjóri getur þá tekið þá ákvörðun, að höfðu samráði við greinarhöfund, að birta greinina í Tímaritinu undir flokknum *aðrar greinar*.

Lögbergi, 1. apríl 2007,
Róbert R. Spanó

FYLGISKJAL – sýnishorn af frágangi handrita í samræmi við viðmiðunarreglur

Sýnishorn af upphafssiðu, heiti höfundar og greinar, efnisyfirlit:

Jón Jónsson:
LÖGMÆTISREGLAN

EFNISYFIRLIT:

1. INNGANGUR
2. GRUNDVALLARATRIÐI LÖGMÆTISREGLUNNAR
 - 2.1. Ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar
 - 2.2. Meginreglan um lögbundna stjórnsýslu
 - a) Kröfur til lagaheimilda
 - b) Lagastoð reglugerða
3. DÓMAFRAMKVÆMD
4. LOKAORÐ

*Sýnishorn af grunn-, milli- og undirfyrirsögnu í meginmáli,
upphafi málsgreina, inndregnum texta og tilvísun til úrlausna úr réttarframkvæmd
(NB!! þetta sýnishorn er tilbúningur):*

2. GRUNDVALLARATRIÐI LÖGMÆTISREGLUNNAR

2.1. Ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um þriggriðingur ríkisvaldsins. Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að af ákvæði 2. gr. verði leidd sú meginregla að stjórnsýslan skuli vera lögbundin.

Af lögmætisreglunni leiðir einkum sú krafa að stjórnvöld verða að hafa ótví-
ræða lagaheimild til að taka ákvarðanir sem íþyngja borgurunum. Fjöldmargir
hæstaréttardómar og álit umboðsmanns Alþingis staðfesta þetta viðhorf. Hér
má til dæmis nefna *álit umboðsmanns Alþingis frá 1. júlí 2008 í máli nr. 5550/2007*
og *Hrd. 2008, bls. 4555 (mál nr. 444/2007)*, en þar sagði í dómi meirihluta Hæsta-
réttar:

Lögmætisreglan er grundvallarregla íslensks réttar. Engar ákvarðanir sem kveða á
um gjaldtöku mega stjórnvöld taka nema hafa til þess viðhlítandi heimild í lögum.
Ákvæði 1. gr. laga nr. 1001/2008 um gjald vegna notkunar nagladekkja fullnægir
ekki þessum kröfum.

a) Kröfur til lagaheimilda

Leggja verður á það mat í hverju tilviki hvort lagaheimild fullnægir kröfum
þeim sem leiða af lögmætisreglunni.